



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Skýrsla Veðgæsluaðila

LYKILL FJÁRMÖGNUN HF.

AFRIT: SKULDABRÉFAEIGENDUR Í GEGNUM KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS

8. október 2019

Vísað er til veðgæslusamnings milli KPMG ehf. sem veðgæsluaðila og Lýsingar hf. sem útgefanda dags. 25. október 2016 ("**Veðgæslusamningurinn**").

Þetta er skýrsla Veðgæsluaðilans samkvæmt ákvæði greinar 3 (f) í Veðgæslusamningnum. Hugtök sem notuð eru í skýrslu þessari og sem ekki eru sérstaklega skilgreind skulu hafa þá merkingu sem kveðið er á um í Veðgæslusamningnum.

Með vísan til ákvæðis greinar 3 (c) í Veðgæslusamningnum staðfestum við hér með að við höfum sannreynt:

- a) tilvist allra Veðsettra skuldabréfa og að þau séu réttilega útgefin, sem veðsett hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu 1. júlí – 30. september 2019 samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2 (D) í Veðsamningnum;
- b) að öll Veðsett skuldabréf, sem veðsett hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2 (D) í Veðsamningnum, hafi verið árituð um veð það sem veitt er samkvæmt ákvæði Veðsamningsins;
- c) tilvist Veðsettra samninga, sem veðsettir hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2 (D) í Veðsamningnum, og hvort tilkynningar (hvort sem er í rafrænu formi eða með venjulegum pósti) hafi verið sendar til viðskiptavina Lýsingar um veðsetningu slíkra samninga og veðbandslausn þeirra frá núverandi veði Lýsingar við Kviku banka hf. sem var gert með eftirfarandi hætti:
 - a) Kannaðir voru allir Fjármögnunarsamningar sem nema hærrí fjárhæð en kr. 10.000.000, og
 - b) Kannað var úrtak sem nam 5% af öllum Veðsettum samningum (að þeim undanskildum sem getið er í staflíð a. að framan).
 - c) Könnun á útsendingu tilkynninga til viðskiptavina þeirra Fjármögnunarsamninga sem kannaðir voru skv. liðum a) og b) að framan fór fram með eftirfarandi hætti: i) hvað rafrænar tilkynningar í heimabanka viðskiptavina varðar könnuðum við í kerfum Útgefandans að slíkar tilkynningar hafi verið sendar.
- d) útreikning Útgefandans á Veðhlutfallinu 82,2% miðað við Veðhlutfallsdagsetninguna 30. september 2019.

Virðingarfyllst.

KPMG ehf.